



Farartæki - trélest

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að kynna nemendum mismunandi ferðamáta og farartæki, efnisval og viðarnytjar. Æfa tálgun, heflun og fleiri þætti smíðinnar. Verkefnið þjálfar leikni í vali á að-ferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Samþætting, smíði, list- og verkgreinar auk samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði og lífsleikni.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Viðarkubbur er sóttur, ferskt efni í skóg eða efnisbanka, má vera þurrt. Byrjað er á að saga bút af grein sem ákvarðar lengd lestarinnar. Taka þarf af greininni fyrir botni lestarinnar og snyrta enda hennar, framhlið og bak. Það er hægt að gera með því að hefla, kljúfa eða saga kubbana. Þá er hægt að teikna á þá glugga og hurðir. Síðan er greinin söguð í búta sem afmarka stærð lestarhluta.

Til að lestin geti beygt þarf að rúnna hornin bæði að framan og aftan á hverjum vagni.

Greinar sem standa út úr kubbnum geta auðveldlega fengið að halda sér að hluta þar sem það á við en aðrar teknar af með klippum eða sög alveg við kubbinn. Gefa má hverjum vagni lestarinnar ákveðinn tilgang s.s. viðarvagn, eldsneytisvagn eða fólksflutningavagn.

Hjólin eru síðan fest á. Þau er hægt að saga úr birkgreinum, útbúa litlar skífur sem borað er gat í miðjuna á. Hjólin eru síðan fest með skrúfu eða nagla, ekki of fast svo þau snúist. Krókar og lykkjur eða seglar eru notaðir til að tengja vagnana saman. Þá eru hurðir og gluggar teiknaðir á og brennimerkt.

Pússa má lestina og lita ef þess er óskað og merkja einstaklingi eða fyrirtæki eftir vild.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Gott er að búa nemendur undir verkefnið með stuttri kynningu á farartækjum: Hvaða farartæki þekkjum við? Hvernig virka þau og hvað knýr þau áfram? Ferðamáti almennt, mengun, umhverfisþættir, sjálfbærni o.fl.

Sög, tálguhnífur, handhefill, sandpappír, brennipenni, hjól (eða saga niður greinar), naglar eða skrúfur, seglar eða krókar og lykkjur. Lakk, vax eða olía til yfirborðsmeðhöndlunar.

Nota má birki eða tegundir af víðiætt.

Efnið má vera 5- 10 cm á þykkt og lengdin ákvarðast af stærð lestarinnar.